

## Aðalfundur foreldrafélags grunnskóla Seltjarnarness

Fundur haldinn þann 11. maí 2016 kl. 17,30 í Valhúsaskóla

Fundarstjóri: Svana Margrét Davíðsdóttir

Fundarritari: Ólafía Harðardóttir

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

- Samþykkt var eftifarandi, fundarstjóri: Svana Margrét Davíðsdóttir, fundarritari: Ólafía Harðardóttir.

### 2. Skýrsla stjórnar og fulltrúa foreldra í skólaráði.

Svana fór yfir skýrslu stjórnar.

- Helstu atriði úr starfi og verkefnum foreldrafélagsins voru eftifarandi:
  - Vorhátið og lokaball 10. bekkjar var haldið með hefðbundnum hætti í í júní 2015.
  - Foreldrafélagið hélt kynningu fyrir foreldra barna í 1. bekk á starfsemi foreldrafélagsins, en ekki hafði áður verið haldin slíkur kynningarfundur.
  - Haldinn var fundur með bekkjarfulltrúum þar sem rætt var m.a. um vinahópa og bekkjarkvöld.
  - Óskað var eftir að fá eftirlitsskýrslur um leiksvæði grunnskólans frá heilbrigðiseftirlitinu. Í ljós kom að ítrekað verið að gera sömu athugasemdir og ekki hafði verið brugðist við þeim. Foreldrafélagið sendi erindi á bæjarstjóra, skólanefnd, heilbrigðiseftirlit og umhverfisráðuneyti vegna málsins.
    - Í kjölfarið lögðuð bæjaryfirvöld þær athugasemdir sem fram höfðu komið og munu koma á rafrænni skráningu slysa.
  - Fyrirspurn send til skólayfirvalda vegna stöðu byrjendalæsismála vegna fjölmöðlaumfjöllunar um bau mál.
    - Samkvæmd svari frá skólayfirvöldum er ánægja með stöðuna í Grunnskóla Seltjarnarness þótt ávallt megi gera betur.
  - Foreldrafélagið bauð nemendum uppá jólasvein og nammpoka á jólaballinu.
  - Á öskudeginum var foreldrafélagið með dagskrá fyrir nemendur og bauð uppá nammpoka. Vísindavilli var með sýningu fyrir nemendur í Mýró og leikritið Unglingurinn var sýnt fyrir nemendur í Való.
  - Foreldrafélagið fór í heimsókn í Skjólið og Frístund. Í kjölfarið var sent erindi á bæjarstjóra vegna þeirra atriða sem foreldrafélagið taldi að mætti bæta.
    - Samkvæmt svari bæjaryfirvalda var búið að ráða Capacent til að gera úttekt á frístundastarfínus og skýrsla væntanlega í lok vormánaða.
  - Önnur erindi/ ábendingar sem hafa borist hafa og foreldrafélagið hefur látið sig málið varða eru: Fjöldi sundtíma fallið niður á vetrinum hjá 2. og 3. bekk, sjálfsalar fyrir gos og sælgæti í íþróttahúsinu, eingöngu tekið á móti kortum en ekki peningum í sjóppu í Való og styrkur til Reykholtferðar hjá 6. bekk.
  - Foreldrafélagið kom af stað verkefni um jákvæð samskipti sem bundnar eru miklar vonir við. Í stýrihópnum eru aðilar frá Mýró, Való, Selinu, Skjólinu og Gróttu. Haldið verður þing um jákvæð samskipti 21. maí nk. sem Páll

Ólafsson félagsráðgjafi mun stýra. Í kjölfarið á niðurstöðum þingsins verður farið í frekari vinnu. Þessi vinna er rétt að hefjast og mun vera haldið áfram.

### 3. Skýrslur nefnda

- a. Nefnd um áfengis- og vímuvarnir þar sem Helga Sverrisdóttir situr fyrir hönd foreldrafélags.
  - i. Farið yfir helstu atriði úr rannsókn um lýðheilsu ungs fólks á Seltjarnarnesi. Rannsókn gerð meðal nemenda í 9. og 10. bekk. Niðurstöður voru kynntar í byrjun maí 2016. Ekki liggur á þessari stundu hvernig bregðast eigi við niðurstöðum könnunarinnar.
  - ii. Svana benti á Marita fræðsluna fyrir foreldra barna í 10. bekk en engin áhugi var fyrir könnunni.

### 4. Lagabreytingar

- a. Svana fór yfir helstu breytingar lagðar eru til og höfðu áður verið kynntar og lagabreytingar voru samþykktar.

### 5. Reikningar lagðir fram til samþykktar

- a. Ólafía fór yfir reikninginn fyrir 1. apríl 2015 til 30. mars 2016 og reikningurinn var samþykktur.

### 6. Kosning tveggja stjórnarmanna foreldrafélags

- a. Nýir aðilar í stjórn eru: Haukur Hauksson, Brynhildur Thorsdóttir og Rakel Viðarsdóttir.

### 7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

- a. Samþykkt að Edda Andradóttir og María Björk Óskarsdóttir verði skoðunarmenn.

### 8. Ákvörðun um fjárhæð félagsgjálda

- a. Lagt er til að félagsgjöld verði 2.500 í stað 2.000 kr.
- b. Samþykkt að árgjald sé 2.500 kr.

### 9. Önnur mál

- a. Bent á bókakost í bókasafni skólans sem er verulega ábótavant. Það er ekki í samræmi við átök í læsi og umfjöllun um stöðu læsis / byrjendalæsi.
- b. Rætt um hvort foreldrafélagið hafi fylgst með þáttöku í tómstundastarfina í Selinu
  - i. Rætt um upplýsingagjöf til foreldra um tómstundastarfíð í Selinu. Foreldrar fái ekki nægilega upplýsingar um hvað er í gangi t.d. í gegnum Facebook síðu.
- c. Lúsin er alltaf að koma upp. Lagt til að taka fast á þessu í haust.

Fundi slitið kl. 19.